



Borgarráð

### *Viðaukar við fjárhagsáætlun 2019*

#### **1. Viðauki vegna samgöngusamninga tímabilið júlí til desember 2019**

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 89.791 þ.kr. vegna samgöngusamninga á tímabilinu júlí til desember 2019. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður, og sundurliðast með eftirfarandi hætti á fagsvið Reykjavíkurborgar:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÍTR	xxxx	Íþróttá- og tómstundasvið	Til	2.106
MOF	xxxx	Menningar- og ferðamálasvið	Til	2.623
SFS	xxxx	Skóla- og frístundasvið	Til	64.471
USK	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið ES	Til	1.060
USKRK	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið AS	Til	1.995
VEL	xxxx	Velferðarsvið	Til	14.922
SEA	xxxx	SEA	Til	84
RHS	xxxx	Miðlæg stjórnsýsla	Til	2.529
ÖNN	9126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	- 89.791
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu og ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

#### **2. Viðauki vegna reksturs á neyðarskýli við Grandagarð 1a**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 24.624 þ.kr. vegna opunar og reksturs neyðarskýlis að Grandagarði 1a fyrir unga heimilislausa vímuefnaneytendur. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
VEL	F3255	Neyðarskýli við Grandagarð 1a	Til	24.624
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	- 24.624
Samtals				-

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu og ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

#### **Greinargerð:**

Tillagan er lögð fram í samræmi við mál R18080066, tillaga velferðarráðs um að koma á fót nýju neyðarskýli fyrir unga heimilislauða vímuefnaneytendur, samþykkt í borgarráði dags. 16. ágúst 2018, liður 27. Er það úrræði til viðbótar við Gistiskýlið að Lindargötu og ætlað ungum körlum sem neyta vímuefna í æð. Þessi hópur hefur að mörgu leyti aðrar þjónustufarir en sá hópur sem áður nýtti mest þjónustu Gistiskýlisins. Útgjöld vegna ársins 2019 eru áætluð samtals 26.624 þ.kr. en skýlið verður opnað í nóvember 2019.

### **3. Tillögur samráðsnefndar um forvarnir í tengslum við borgarhátíðir sumarið 2019.**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 1.352 þ.kr. og fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 4.327 þ.kr. vegna forvarna í tengslum við borgarhátíðir í Reykjavík, sumarið 2019. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	xxxx	Skóla- og frístundasvið	Til	1.352
VEL	xxxx	Velferðarsvið	Til	4.327
ÖNN	9125	Ófyrirséð	Frá	- 5.679
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

#### **Greinargerð:**

Tillagan er lögð fram í samræmi við mál R19050150, tillögu borgarstjóra um forvarnir í tengslum við hátíðir og viðburði í Reykjavík sumarið 2019, samþykkt á fundi borgarráðs 4. júlí 2019, 24. liður og byggir á útfærslu samráðshóps um forvarnir þar sem samþykkt var að styrkja eftirtalda hópa Samanhópin, Samfok og Heimili og skóla til forvarnavinnu auk þess að leggja fé til Miðbæjarathvarfa til athvarfsvakta vegna hópasöfnunar og í tengslum við tónleikahald vegna Secret Solstice annars vegar og tónleika Ed Sheeran hins vegar.

Dagur B. Eggertsson